



# MYNL3MA05

## Kennsluáætlun – Haustönn 2019

Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

### **Kennarar áfangans:**

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com

### **Áfangalýsing:**

Í áfanganum er fengist við módelteikningu. Mannslíkaminn teiknaður frá öllum hliðum í ýmsum stellingum, ýmist líkamspartar eða öll manneskjan. Fyrirmyndirnar eru teikningar ljósmyndir og lifandi módel. Verkefnum skal skila sem skissum, sem fullunnum verkum sem sýna manninn í umhverfi sínu með ýmis konar aðferðum og fullunnum verkum þar sem mismunandi stílbrigði frá mismunandi tímabilum og heimshlutum eru áhrifavaldar. Uppsetning og kynning á sýningu á eigin verkum í viðurkenndu rými.

### **Markmið áfangans:**

#### **Þekking**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hlutfallaskiptingu mannslíkamans.
- anatómíu mannslíkamans.
- hreyfímöguleikum mannslíkamans.
- Fjarvíddarstyttingum.
- á stílbrigðum og aðferðum.
- hvaða aðferðir hann vill nota (mega vera fleiri en ein).
- hvaða stílbrigði hann vill nota (mega vera fleiri en eitt).
- hvernig á að setja tilfinningar og hugtök í myndbygginguna með formnotkun.
- Sýningaruppsetningu og kynningu

#### **Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- teikningu mannslíkamans.
- nýta sér öll þau verkfæri til að ná réttum hlutföllum, styttingum og anatómíu.
- nota ákveðin stílbrigði sem hann hefur valið sjálfur.
- nota áveðnar aðferðir sem hann hefur valið sjálfur.
- útskýra og rökstyðja val sitt á aðferðum og stíl.
- útskýra og rökstyðja merkingu verksins.

- Setja upp og kynna sýningu

### Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- túlka manninn í umhverfi sínu (abstrakt/raunsætt og í fleiri stílum).
- kalla fram þá tilfinningu sem hann æskir í verkið.
- gera sér grein fyrir í hvaða efnivið hann vill vinna sem og stíl.
- geta sýnt og kynnt verk sín

### Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glæsur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

### Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur geymi skissur og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allt.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

### Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr gengur það upp í ýmiskonar liti og pappír og skal borga það á skrifstofu sem allra fyrst.

### Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun á önninni

- |  |     |       |
|--|-----|-------|
| • Mappa                                  | 5%  | ágúst |
| • Skissur, lifandi módel                 | 30% |       |
| • Fullunnin verk eftir eigin teikningum  | 30% |       |
| • Fullunnin verk með vísun í listasöguna | 30% |       |
| • Sýning                                 | 5%  |       |

### Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum sem vinnutæki og einnig má hlusta á tónlist sé kennari ekki með innlögn. Önnur notkun á þessum tækjum ekki leyfð nema að höfðu samráði við kennara.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.